

Frá Félagi Íslenskra öldrunarlækna
26.febrúar 2020

Athugasemdir vegna frumvarp til laga um breytingu á lögum um málefni aldraðra, nr. 125/1999, með síðari breytingum (sambúð á öldrunarstofnunum), 63. Mál

Félag íslenskra öldrunarlækna fagnar þeirri hugsun sem felst í frumvarpinu um rétt maka/sambýlings að flytja með veikari maka sínum á hjúkrunarheimili án uppfylltrar skyldu um Færni og Heilsumat.

Hugsunin með frumvarpinu að koma í veg fyrir þvinguð sambúðarslit er mannúðleg og réttsýn.

Ath verður í undibúningi þessa að amk ennþá er ekki aðstaða á öllum hjúkrunarheimilum að verða við þessum óskum, m.a. vegna stærðar herbergja og tvíbýla.

Líklega liggur ekki fyrir áætluð þörf á þessu úrræði en nokkur dæmi eru um óskir í þessa veru. Líklegt verður að telja að aukning verði á þessum óskum verði þessi möguleiki opnaður.

Mikilvægt er að skilgreina vel fjárhagslega hlið þessa möguleika.

Hvað er sanngjörn leiga og hvernig skilgreinir maður þjónustukostnað ?

Ekki er ólíklegt að maki/sambýlingur telji sanngjarnt að nýta þjónustu með mat, hjúkrun, lækniþjónustu og iðju- og sjúkraþjáfun eftir atvikum.

Verður stofnunum skylt að halda sjúkraskrá og bera ábyrgð á lyfjameðferð og annarri meðferð maka ?

Væntanlega er reiknað með að maki / sambýlingur sé í viðbótarplássi ofan á hefðbundin heimilispláss en taki ekki upp skilgreint hjúkrunarrými með lægri gjöldum ?

Í frumvarpinu er rétt að viðkomandi maki /sambýlingi eigi rétt á að halda plássi sínu á viðkomandi stofnun í allt að 8 vikur frá andláti maka. Þetta virðist sanngjarnt miðað við möguleika á að gera nýjar ráðstafanir. Hins vegar þarf að skilgreina hvernig kostnaður við þetta er greiddur. Ekki er gott að hjúkrunarheimili beri kostnað af missi daggjalda í 8 vikur og fái aðeins "sanngjarna leigu" í staðinn.

Etv er best að gera ráð fyrir að viðkomandi greiði leigu sína til ríkisins og ríkið greiði svo hjúkrunarheiminu full daggjöld þennan tíma. Væntanlega er ekki gert ráð fyrir að nýr einstaklingur sé tekinn í hjúkrunarrými með þessum eftirlifandi maka.

fyrir hönd Félags íslenskra öldrunarlækna (FÍÖ)

Ólafur H Samúelsson Lyf og Öldrunarlæknir
formaður FÍÖ
olafs@landspitali.is